

Hækkanir skv. ofanrituðu eru háðar samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 153 24. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 11. júní 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 20. janúar 1972, um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflytninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Fyrsta setning 2. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflytninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 25, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 11. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli freðfisks fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Dorskur:

Ísl. kr. á lb. Cif.

4 × 14 m/r interl.	80.92
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	97.09
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	148.00
5 × 10 og 4 × 13	154.36
4 × 15	157.47
12 × 1	157.47
Blokk	110.90
Blokk 24½	114.73